

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2012

**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 469. mál á 141. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði upphaflega með tölvupósti þann 4. desember sl. eftir því að fulltrúar Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) mættu fyrir nefndina þann 6. desember en þeim fundi var frestað. Frumvarpið hefur ekki verið sent út til umsagnar en Landssamtök lífeyrissjóða telja þó afar brýnt að koma áleiðis athugasemdum við frumvarpið sem fyrst og einkum það sem ekki er þar að finna.

LL rituðu bréf til fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 16. október sl., sbr. hjálagt viðhengi, en þar er vakin sérstök athygli á þeim vanda sem uppi er þegar kemur að fjárfestingarkostum lífeyrissjóða við núverandi aðstæður. Sökum hafta og takmarkaðs framboðs skráðra verðbréfa hafa lífeyrissjóðir, að óbreyttum fjárfestingarheimildum, afar takmarkað svigrúm til að koma að nýjum innlendum fjárfestingum sem þó verða að teljast mjög æskilegar jafnt í þjóðhagslegu tilliti og með hagsmuni sjóðfélaga í huga.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur skipað nefnd til endurskoðunar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Það er mikilvægt að nefndinni gefist ráðrúm til að vinna verk sitt vel og byggja þannig undir traustan grunn fyrir fjárfestingar lífeyrissjóða til framtíðar. Ekki er gert ráð fyrir því að nefndin skili tillögum sínum fyrr en síðla næsta árs. Því eru lagðar til þrjár afar mikilvægar en afmarkaðar breytingar sem gert er ráð fyrir að gildi til bráðabirgða, eða til ársloka 2014:

- i) Tímabundin rýmkun heimilda til fjárfestinga í fagfjárfestasjóðum sem ekki lúta opinberu eftirliti. Er lagt til að mörkin í þeim eignum verði tímabundið hækkuð í 20%.
- ii) Til samræmis verði framlengd tímabundin rýmkun heimilda til fjárfestinga í samlagshlutafélögum en slík félög eru gjarnan stofnuð um rekstur fagfjárfestasjóða.
- iii) Heimildir til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum verði hækkaðar úr 20% í 25%.

Við núverandi aðstæður í efnahagsmálum er **afar brýnt fyrir íslenskt þjóðfélag að slíkar tímabundnar breytingar nái fram á þessu þingi.** Um breytingartillögurnar vísast til minnisblaðs sem fylgdi með fyrrgreindu bréfi dagsett 16. október og í hjálagða samantekt á þeim breytingum sem hér um ræðir.

## Um efni frumvarpsins:

Frumvarpið eins og það liggur fyrir þinginu hefur að geyma breytingartillögur sem flestar eru smávægilegar lagfæringar sem LL getur stutt.

LL styðja einkum 2. gr. frumvarpsins þar sem sett er skýr heimild fyrir lífeyrissjóði að skilyrða greiðslu örorkulífeyris við það að sjóðfélagi stundi endurhæfingu meti trúnaðarlæknir sjóðsins slíkt geta bætt heilsufar viðkomandi. Slík ákvæði hafa svo árum skiptir verið í samþykktum flestra lífeyrissjóða en uppi hafa verið raddir um að þau ákvæði skorti fullnægjandi lagastoð. Með tilkomu starfsendurhæfingarsjóða sbr. lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012 og lögbundið framlag lífeyrissjóða til þeirrar starfsemi er mikilvægt að löggjöf er gildir um lífeyrissjóði sé í takt við þá hugmyndafræði sem fyrrgreind lög byggja á.

Með 3. gr. frumvarpsins er lagt til að frestur lífeyrissjóða til þess að skila tryggingafræðilegri athugun til Fjármálaeftirlitsins verði færður fram, eða til 15. maí ár hvert. LL telja mikilvægt að leitað verði til Félags tryggingarstærðfræðinga með að fá fram skýra afstöðu þeirra til þessara breytinga áður en til þess kemur að leiða hana í lög.

Í 11. gr. eru lagðar til breytingar sem LL styðja eindregið enda hefði átt að lögleiða þær samhliða breytingartillögum sem samþykktar voru við meðhöndlun á frumvarpi sem varð að lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012.

Annað í frumvarpinu er meira og minna lagfæringar á núgildandi lögum sem LL styðja.

Að lokum skal áréttað mikilvægi þess að fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna verði rýmkaðar tímabundið til bráðabirgða eins og að ofan er rakið en tekið skal fram að í viðræðum við fjármála- og efnahagsráðherra og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og aðstoðarmenn þeirra kom fram að meðal þeirra virðist ríkja mikill skilningur og samstaða um slíkar breytingar. Því sætir nokkurri furðu að slíkar breytingar sé ekki að finna í því frumvarpi sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

1. Afrit af bréfi LL til fjármála- og efnahagsráðuneytissins, dags. 16. október 2012 ásamt minnisblaði dags. sama dag.
2. Samantekt á þeim breytingum sem lagðar eru til, dags. 10. desember 2012.